

Þriðjudaginn 13. maí 1986.

Nr. 146/1985. **Bjarnar Kristjánsson**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Jóni Oddssyni

(sjálfur)

Landsbanka Íslands

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

Alþýðubankanum h/f

Sparisjóði vélstjóra og

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Uppboðsafsal. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m. Hann krefst þess að hinu áfrýjaða uppboðsafsali verði hnekkt og stefndi Jón Oddsson dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón Oddsson krefst þess að kröfum áfrýjanda verði hafnað og hann dæmdur til þess að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu.

Hinn 26. október 1982 barst bæjarfógetanum í Hafnarfirði og Garðakaupstað beiðni Landsbanka Íslands, dags. 20. s.m., um að fasteignin Ásbúð 102 í Garðakaupstað, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði. Beiðnin var tekin fyrir í uppboðsrétti 18. febrúar 1983 en síðan frestað nokkrum sinnum uns tekið var fyrir hinn 27. júní 1984 að selja eignina á nauðungaruppboði. Var þar sótt þing af hálfu Landsbankans og af hálfu uppboðspola mætti þar bróðir hans Kristján Kristjánsson. Einungis eitt boð kom fram, 200 þúsund krónur. Ákveðið var eftir kröfu uppboðspola og með samþykki uppboðsbeiðanda að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni í lok september næstkomandi, en nánar var uppboðið

ekki tímasett. Málið var næst tekið fyrir 26. september og þá frestað til 29. nóvember 1984. Þann dag fór fram nauðungaruppboð á eigninni. Lágu nú fyrir uppboðsréttinum fleiri uppboðsbeiðnir, m.a. frá stefnda Jóni Oddssyni. Sótti hann uppboðsþingið svo og umboðsmaður stefnda Landsbanka Íslands og af hálfu uppboðspóla Kristján bróðir hans. Á uppboði þessu komu fram boð í eignina frá Magnúsi Ragnari Bjarnarssyni, syni áfrýjanda, og stefnda Jóni Oddssyni. Gerði Magnús hæsta boð, 2.330.000 krónur en næsthæsta boð átti stefndi Jón, 2.300.000 krónur. Lauk svo uppboðsþingnu án þess að afstaða væri tekin til boðanna í eignina.

Uppboðinu var eigi áfrýjað.

Með bréfi til uppboðshaldarans dags. 18. janúar 1985 tilkynnti stefndi Jón að boð hans stæði enn og að hann vænti þess að því yrði tekið ef hæstbjóðandi stæði ekki við sitt boð.

Hinn 11. febrúar ritaði uppboðshaldari Magnúsi Ragnari Bjarnarssyni og tilkynnti honum að ef hann hefði ekki fyrir 25. s.m. staðið við uppboðsskilmálana mundi hann að þeim fresti liðnum taka næsthæsta boði í eignina eða auglýsa uppboð á henni.

Uppboðshaldari hélt síðan uppboðsrétt hinn 6. mars 1985. Er þar bókað m.a. á þessa leið.:

„Uppboðshaldari getur þess að hæstbjóðandi í hina seldu eign á áðurnefndu uppboði, Magnús Ragnar Bjarnarsson, hafi ekki greitt uppboðsandvirðið né að öðru leyti staðið við uppboðsskilmála þrátt fyrir áskoranir, og sé því boði hans hafnað. Jón Oddsson hrl., næsthæstbjóðandi í hina seldu eign, er mættur í réttinum og ítrekar hann fyrri yfirlýsingu sína um að hann sé reiðubúinn til að standa við boð sitt. Lýsir uppboðshaldari síðan yfir að boði næsthæstbjóðanda í eignina sé tekið og muni verða útgefið uppboðsafsal fyrir henni honum til handa þegar hann hefur sýnt skilríki fyrir að hann hafi greitt eða samið um greiðslu á kröfum veðhafa í eigninni eftir því sem uppboðsandvirðið hrekkur til.“

Á þingi í uppboðsrétti 26. apríl 1985 gaf Einar Ingimundarson bæjarfógeti síðan út uppboðsafsal til stefnda Jóns Oddssonar. Hafði hann þá greitt eða samið um greiðslu á öllum þeim veðskuldum sem á eigninni hvíldu og greitt til uppboðshaldara mismun á uppboðsandvirði og greiddum kröfum, 12.037,10 krónur.

Áfrýjandi styður kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum að upp-

boðshaldari hafi verið búinn að samþykkja boð hæstbjóðanda en síðan rift kaupunum, og hefði hann því átt skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949 að boða uppboðsaðila á dómþing og gefa þeim kost á að krefjast uppboðs að nýju. Hafi uppboðshaldara verið óheimilt að semja um uppboðskaupin við stefnda Jón Oddsson, svo sem hann gerði.

Líta verður svo á, þótt eigi sé bókað um það í lok uppboðsþinghaldsins 29. nóvember, að uppboðshaldari hafi þá tekið sér frest til þess að taka afstöðu til framkominna boða í eignina. Með bréfi 11. febrúar 1985 tilkynnti hann hæstbjóðanda að þar sem hann hefði engin skil gert á uppboðsandvirðinu mundi hann, nema hæstbjóðandi hefði gert skil fyrir 25. sama mánaðar, taka næsthæsta boði í eignina eða auglýsa uppboð að nýju. Bréf þetta verður að skilja á þann veg að uppboðshaldari hafi með því gefið hæstbjóðanda kost á því, að boði hans yrði tekið ef hann sýndi að hann gæti og vildi standa við það fyrir 25. febrúar. Áfrýjandi hefur ekki sannað að annað og meira en greint vilyrði hafi falist í því sem hæstbjóðanda og uppboðshaldara kann að hafa farið á milli frá uppboðsdegi til þess er hann móttók bréf uppboðshaldara frá 11. febrúar.

Þar sem hæstbjóðandi sinnti ekki áskorunum þeim sem fólust í bréfi uppboðshaldara frá 11. febrúar innan tilskilins frests, var uppboðshaldara rétt að hafna boði hæstbjóðanda og taka næsthæsta boði, svo sem hann gerði, sbr. bókun þá í uppboðsrétti 6. mars sem áður var rakin.

Í annan stað heldur áfrýjandi því fram að uppboðshaldari hefði átt að hefja uppboðsþingið 29. nóvember 1984 þar sem þar hafi engin krafa komið fram um að eignin yrði slegin hæstbjóðanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949.

Málsástæða þessi varðar framkvæmd uppboðsins sem eigi hefur verið áfrýjað, sem fyrr segir, en auk þess verður að líta svo á að krafa um uppboð á eign feli í sér kröfu um að eignin verði seld ef fullnægjandi boð fæst.

Ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949 á einungis við ef svo stendur á sem í 1. mgr. þeirrar greinar segir.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að hafna kröfum áfrýjanda í máli þessu og dæma hann til þess að greiða stefnda Jóni Oddssyni 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Framangreint uppboðsafsal skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Bjarnar Kristjánsson, greiði stefnda, Jóni Odds-syni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að við-lagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar
og Guðmundar Jónssonar.**

Sú málsástæða áfrýjanda að uppboðshaldari hefði átt að hefja uppboðsþingið 29. nóvember 1984 þar sem engin krafa hafi komið þar fram um að eignin yrði slegin hæstbjóðanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949, varðar framkvæmd uppboðsins sem ekki hefur verið áfrýjað. Teljum við málsástæðu þessa því ekki koma til álita við úrlausn málsins. Með þessari athugasemd erum við samþykkir dómsatkvæði meirihluta dómenda.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 154/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Friðriki Óskarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1986, sem barst Hæstarétti 9. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.